

Kjalarvogur ehf.

Árshlutareikningur

30. júní 2006

Kjalarvogur ehf.
Holtavegi 10
104 Reykjavík
Kt. 520204-2450

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra	3	Efnahagsreikningur	6
Könnunaráritun endurskoðenda	4	Yfirlit um sjóðstreymi	8
Rekstrarreikningur	5	Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Tilgangur félagsins er innflutningur, heildsala og smásala á neytendavörum og iðnaðarvörum, ásamt annarri starfsemi sem af því leiðir.

Félagið er dótturfélag Húsasmiðjunnar hf., sem á allt hlutaféð, og er árshlutareikningurinn hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins.

Enginn starfsmaður starfaði hjá félaginu á tímabilinu en Húsasmiðjan hf. sá um daglega rekstur.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á tímabilinu að fjárhæð 63 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins nam 216 millj. kr. í lok júní. Vísað er til skýringa í árshlutareikningnum varðandi breytingar á eigin fé á tímabilinu.

Stjórn Kjarlavs ehf. staðfestir hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2006 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. ágúst 2006.

Stjórn:

Skarphéðinn Berg Steinarsson

Sigrún Jónsdóttir

Guðmundur Ingi Karlsson

Forstjóri:

Steinn Logi Björnsson

Könnunaráritun endurskoðenda

Stjórn Kjalarvogs ehf.

Við höfum kannað meðfylgjandi árslutareikning Kjalarvogs ehf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2006. Árslutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar. Árslutareikningurinn er byggður á gögnum félagsins og upplýsingum frá stjórnendum þess.

Könnun okkar fól í sér spurningar til starfsmanna félagsins og greiningu á hinum ýmsu liðum árslutareikningsins. Slík könnun felur ekki að öllu leyti í sér sömu aðgerðir og endurskoðun, sem unnin er eftir viðurkenndum endurskoðunarvenjum og hefur það að markmiði að láta í ljós álit á reikningsskilum í heild. Slíkt álit er því ekki látið í ljós.

Könnun okkar leiddi ekkert í ljós sem bendir til annars en að árslutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag í lok þess og breytingu á handbæru fé í samræmi við góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 28. ágúst 2006.

Símon Á. Gunnarsson

Guðjón Ásmundsson

KPMG Endurskoðun hf.

Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2006

	Skýr.	2006	2005
		1.1. - 30.6	1.1. - 30.6
Rekstrartekjur:			
Vörusala		1.063.869	972.993
Rekstrargjöld:			
Kostnaðarverð seldra vara		637.826	604.057
Starfsmannakostnaður		186.822	156.369
Annar rekstrarkostnaður		126.012	134.097
		950.660	894.523
Rekstrarhagnaður án hreinna fjármagnsgjalda		113.209	78.470
Hrein fjármagnsgjöld	7	(36.429)	(30.086)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		76.780	48.384
Tekjuskattur	6,10	(13.820)	(8.709)
Hagnaður tímabilsins	9	62.960	39.675

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	30.6.2006	31.12.2005
Vörubirgðir		413.880	371.476
Skammtímakröfur:			
Viðskiptakröfur		204.865	165.084
Krafa á móðurfélag		0	198.145
Aðrar skammtímakröfur		16	16
Handbært fé		55	55
Veltufjármunir		<u>618.816</u>	<u>734.776</u>

Eignir samtals 618.816 734.776

30. júní 2006

Eigið fé og skuldir

		30.6.2006	31.12.2005
Eigið fé:			
Hlutfé	8	673	673
Yfirverðsreikningur hlutfjár		1.634	1.634
Lögbundinn varasjóður		169	169
Óráðstafað eigið fé		213.615	150.655
	Eigið fé 9	<u>216.091</u>	<u>153.131</u>
Skuldbindingar:			
Tekjuskattsskuldbinding	5,10	<u>5.665</u>	<u>6.775</u>
Langtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir	11	<u>184.488</u>	<u>350.029</u>
Skammtímaskuldir:			
Skuld við móðurfélag		4.231	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	12	184.488	175.015
Aðrar skammtímaskuldir		23.853	49.826
		<u>212.572</u>	<u>224.841</u>
	Skuldir samtals	<u>402.725</u>	<u>581.645</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>618.816</u></u>	<u><u>734.776</u></u>

Yfirlit um sjóðstreymi 1. janúar til 30. júní 2006

	Skýr.	2006	2005
		1.1. - 30.6	1.1. - 30.6
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður tímabilsins	9	62.960	39.675
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Verðbætur langtímaskulda		22.241	7.665
Tekjuskattsskuldbinding, breyting	10	(1.110)	(1.408)
		<u>84.091</u>	<u>45.932</u>
		Veltufé frá rekstri	
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda:			
Vörubirgðir, hækkun		(42.404)	(73.426)
Skammtímakröfur, (hækkun), lækkun		(19.945)	66.322
Skammtímaskuldir, lækkun		(21.742)	(37.765)
		<u>(84.091)</u>	<u>(44.869)</u>
		Handbært fé frá rekstri	
		<u>0</u>	<u>1.063</u>
Fjárfestingahreyfingar:			
Skammtímakröfur, breyting		<u>178.309</u>	<u>168.850</u>
Fjármögnunarhreyfingar:			
Afborganir langtímalána		<u>(178.309)</u>	<u>(168.850)</u>
Hækkun á handbæru fé		<u>0</u>	<u>1.063</u>
Handbært fé í ársbyrjun		<u>55</u>	<u>0</u>
Handbært fé í lok tímabilsins		<u><u>55</u></u>	<u><u>1.063</u></u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Árs hlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Árs hlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Félagið er dótturfélag Húsasmiðjunnar hf. Árs hlutareikningur félagsins er hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar.

Erlendir gjaldmiðlar

2. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í júnílok. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

Innlausn tekna

3. Tekjur af vörusölu eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda.

Vörubirgðir

4. Vörubirgðir eru metnar á síðasta innkaupsverði að teknu tilliti til gallaðra og úreltra vara.

Tekjuskattskuldbinding

5. Tekjuskattskuldbinding félagsins er reiknuð og færð í árs hlutareikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og árs hlutareikningi félagsins hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í árs hlutareikningi.

Skattar

6. Félagið og móðurfélag þess eru samsköttuð. Tekjuskattur í rekstrarreikningi félagsins nemur 13.820 þús. kr. og er annars vegar færður sem skuld við móðurfélagið og hins vegar sem tekjuskattskuldbinding í efnahagsreikningi.

Hrein fjármagnsgjöld

7. Hrein fjármagnsgjöld greinast þannig:	2006	2005
	1.1. - 30.6	1.1. - 30.6
Vaxtatekjur	0	66
Vaxtagjöld og verðbætur	(36.429)	(30.152)
Hrein fjármagnsgjöld samtals	(36.429)	(30.086)

Skýringar, frh.:

Eigið fé

8. Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum er 0,7 millj. kr. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

9. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Staðan 1.1.2006	673	1.634	169	150.655	153.131
Hagnaður tímabilsins				62.960	62.960
Staða 30.6.2006	673	1.634	169	213.615	216.091

Tekjuskattsskuldbinding

10. Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:

Tekjuskattsskuldbinding 1.1.2006	6.775
Reiknaður tekjuskattur	13.820
Skuld við móðurfélag	(14.930)
Tekjuskattsskuldbinding 30.6.2006	5.665

Tekjuskattsskuldbinding félagsins skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

Vörubirgðir	3.725
Viðskiptakröfur	1.940
Tekjuskattsskuldbinding 30.6.2006	5.665

Langtímaskuldir

11. Langtímaskuldir greinast þannig:

Skuldir í íslenskum krónum:

Verðtryggð skuldabréf	368.976
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	368.976
Næsta árs afborganir	(184.488)
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi	184.488

12. Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu ár:

Afborganir 1.7.2006 - 30.6.2007	184.488
Afborganir 1.7.2007 - 30.6.2008	184.488
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	368.976